



Ól(afur) Þórðarsson

Bjarni Benediktsson – Ól(afur) Þórðarsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



HÓTEL TERMINUS

STOCKHOLM / SWEDEN

Mitt emot Centralstationen

Telefon: Namnanrop

Borgarstjórinn í Reykjavík, Bjarni Benediktsson.

Kæri vinur.

Þegar jeg las Aftonbladet í kvöld, datt mjer í hug að senda þjer hjálagða klausu. Þessi lektor, mun vera af sömu skúffu og Helgi Benediktsson í Vestmannaeyjum, eða úr órólegudeild - Framsóknarflokksins hjer. Þetta er góð hugvekja handa þjer. Reykjavík er stærri og frekari heima, en Stockhólmur hjer í Svíþjóð, svo þú getur gert þjer í hugarlund, hvernig þessi dólгур mundi skrifa um Reykjavík, væri hann Íslendingur.

Það var liðið langt frá kosningunum í sumar, þegar að jeg fjekk af þeim nokkrar frjettir, og vil jeg nú nota tækifærið til þess að óska þjer alveg sjerstaklega til hamingju með óvenjulega - stórrann sigur á þeim vettvangi. Jeg gerði það fyrir þín orð, en á móti betri vitund, að kjósa Björn Ólafsson, áður en jeg fór, en nú gléður það mig ósegjanlega mikið, að hann skildi fá þessa útreið, sem honum var sannarlega makleg. Jeg veit, að þú ert ekki mjer sammála, vegna þíns góða drengskapar, en það breytir engu lengur í þessu máli.

Hjer eru kosningar til þingsins framundan, eða 15. sept. Það er mikið um fundarhöld á torgum úti, og hef jeg stundum hlustað á ræðumenn. Þeir eru með heldur leiðinlegar meiningar, hver til annars, og næstum eins persónulegir, og sumir eru heima. Það, sem mjer hefur þótt áberandi í þessum kosningahríðum er það, hversu sósíaldemokratar virðast heillum horfnir, það er að segja, þeir fá hvergi nærri eins marga kjósendur á sína fundi, eins og hægri flokkarnir. Kommarnir sjást varla. Það er líka auðheyrt á ræðum kratanna, að þeir eru mjög hræddir um sig. Hægri menn, sem jeg þekki, segja mjer, að kratar muni fá meirihluta, en tapa miklu þó. Svíar eru drjúgmontnir, þegar þeir og Íslendingar gengu í F.N. um daginn, sögðu blöðin gleiðletruð, að Ísland hefði verið tekið inn á þrem mínúndum, en Svíþjóð á 10 mínúndum, vegna þess hversu margir fulltrúar hefðu látið aðdáun sína í ljósi á sviðum. Jeg hef ekki þetta lengra. Bið kærlega að heilsa þínum.

Kær kveðja.

Den 6/9. 1946